

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins um fríar skólamáltíðir sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 27. júní 2018:**

Lagt er til að öll börn fái fríar skólamáltíðir. Eins og vitað er búa mörg börn við mismunandi aðstæður hvað varðar efnahag foreldra. Sum búa við sára fátækt og eru því svöng í skólanum. Eina leiðin til að tryggja að ekkert barn sé svangt í skólanum er að þau fái fríar skólamáltíðir.



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 13. ágúst 2018  
SFS2018060304  
142. fundur  
HG/kg

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Varðandi tillögu Flokks fólksins um fríar skólamáltíðir*

Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlaðar tekjur af máltíðum og fæði í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum:

#### Áætlun 2018

|                  |                      |
|------------------|----------------------|
| Leikskólar       | 678.343.890          |
| Grunnskólar      | 1.164.125.223        |
| Frístundaheimili | 142.852.750          |
| <b>Samtals</b>   | <b>1.985.321.863</b> |

Árlegar tekjur af máltíðum í grunnskólum einum eru 1.164 millj.kr.

Áætlun gerir ráð fyrir að 86% grunnskólanema nýti sér þessa þjónustu.

Gera má ráð fyrir fjölgun nemenda í mat ef skólamáltíðir verði fríar og kostnaður hækki um allt að 190 millj.kr.

Í grunnskóla eru vanskil af skólamáltíðum milli 2-3% á hverjum tíma. Flest vanskil eru greidd þremur mánuðum frá vanskiladegi. Engum nemanda er vísað frá mötuneyti vegna vanskila forsjáraðila. Afskrifaðar kröfur vegna skólamáltíða voru 14,5 millj.kr. á árinu 2017.